



400. Stjórnarfundur haldinn 15. nóv. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sigurvin Guðfinnsson (SG),
Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

Í upphafi fundar bauð framkvæmdastjóri upp á vöflur með súkkulaði og rjóma þar sem um var að ræða fjögur hundraðasta stjórnarfund aðalstjórnar.

1. Fundagerð síðasta fundar og fundar með stjórn sunddeildar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Guðbjörgu Jónsdóttur v/áframhaldandi leigu á Hringbraut 108. *Móttekið.*
Bréf frá UMFÍ v/umsóknar Keflavíkur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. *Keflavík var úthlutað styrk að upphæð eitthundraðþúsund krónur.*

80 ára afmælisblað Þróttar í Vogum. *Móttekið.*

Afrit af tölvupósti til formanns sundráðs ÍRB Sigurbjargar Róbertsdóttur frá Júlíusi Friðrikssyni og Guðrún konu hans v /Jóhönnu Júlíu dóttur þeirra. *Móttekin og umræður um málið.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað.

EH sagði frá því að sunddeild hafi tekið að sér að dreifa jólblaðinu. Nokkuð góð skil eru á greinum.

5. Hringbraut 108.

Fyrir fundinum liggur beiðni um áframhaldandi leigu á Hringbraut 108 frá Guðbjörgu Jónsdóttur. *Umræður um málið og samþykkt að gera leigusamning við Guðbjörgu til loka árs 2013 á þeim kjörum sem fram kemur í tölvupósti frá henni. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Guðbjörgu Jónsdóttur.*

6. Peningaleg staða aðalstjórnar og ávöxtun hennar.

EH fór yfir fjárhagsstöðu aðalstjórnar en reiknisyfirlit og ávöxtun á reikningum lágu fyrir fundinum. EH og Þórður Magni Kjartansson gjaldkeri fara yfir ávöxtunarmöguleika á fé félagsins á fundi með Einari Hannessyni útibústjóra Landsbanka Íslands í Keflavík.

7. Íþróttamaður og menn Keflavíkur.

Ákveðið að vera með hóf 27. desember þar sem íþróttamaður og menn verða heiðraðir.

8. Önnur mál.

EH sagði frá því að gerður hefur verið fyrirtækjasamningur við Símann og B2B samningur við Landsbanka Íslands.

KG sagði að keyptur hefði verið nýr sími fyrir framkvæmdastjórnann því sá gamli hafi gefið upp öndina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:10

Fundinn ritaði SG

